

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2003 um að tilteknar ákvarðanir falli brott.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að þegar í stað falli brott ákvarðanir stofnunarinnar nr. 1/1998, 2/1998 og 3/1998.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 3. apríl 2003.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

10. apríl 2003

Nr. 305

AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er kveðið á um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Við heilbrigðisbrautir á bls. 146-153 bætist ný námsbraut:

Félagsliðabraut (FL)

81 ein.

Meginmarkmið náms á félagsliðabraut er að nemendur hafi að námi loknu öðlast undirstöðuþekkingu og færni til að veita sérhæfða þjónustu í formi aðstoðar og umönnunar einstaklinga á öllum aldri sem vegna félagslegra aðstæðna, líkamlegrar eða andlegrar hömlunar, eiga erfitt um vik að sjá um sig sjálfir. Meðalnámstími er tvö ár, 3 annir í skóla og 16 vikna starfsþjálfun á þjónustustofnun.

Almennar greinar

12 ein.

Íslenska	ÍSL 102	2 ein.
Erlend mál	DAN/ENS 102	2 ein.
Stærðfræði	STÆ 102	2 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍPR 101 111 201	3 ein.

Sérgreinar

49 ein.

Aðstoð og umönnun	ASU 104	4 ein.
Félagsfræði	FÉL 103	3 ein.
Félagsleg virkni	FÉV 102	2 ein.
Fjölskyldan og félagsleg þjónusta	FJF 103	3 ein.